

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 355/1993.

Þorleifur Sívertsen

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Bjarna Sigfússyni

(Logi Guðbrandsson hrl.) og

Ábyrgð hf. til réttargæslu

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1993. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 1.492.300 krónur með 4% ársvöxtum frá 17. desember 1988 til 21. janúar 1989, en síðan samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 21. júní 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir hann kröfu til greiðslu sömu fjárhæðar, en að nokkru með öðrum vöxtum. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi varð fyrir slysi 30. apríl 1983, en það var ekki fyrr en tæpum 8 árum síðar, í janúar 1991, að hann gerði reka að lögreglurannsókn á því. Fór hún fram ári síðar. Ritaði lögmaður hans réttargæslustefnda bréf um slysið í desember 1991.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um slysið, fyrr en eftir að það varð, og þá ekki, að það væri við hann tengt. Það hafi aðeins verið nokkru fyrir höfðun máls þessa í héraði, að honum varð ljóst, að talið væri, að hann hefði átt einhverja aðild að slysinu. Slysið varð á vinnusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, og var áfrýjandi í þjónustu þess fyrirtækis. Verkstjórn á vinnusvæðinu hlaut því að vera í höndum yfirmanna rafmagnsveitnanna, og hvíldu

skyldur samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á stjórnendum þeirra. Af framangreindu leiðir, að stefnda verður ekki virt það til réttarspjalla að tilkynna ekki um slysið.

Fallast verður á það með héraðsdómi, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að yfirvofandi hætta hafi verið á því, að hann fengi krókana eða stroffurnar í sig, og að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að stökkva af bifreiðinni til að koma í veg fyrir slys. Ósannað er þegar af þessum ástæðum, að slys áfrýjanda verði rakið til athafna stefnda, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar er ákveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorleifur Sívertsen, greiði stefnda, Bjarna Sigfússyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Þrátt fyrir aldur málsins hafa atvik að slysi áfrýjanda verið skýrð í meginatriðum með framburði málsaðila og þriggja starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins, er unnu með áfrýjanda í þetta sinn. Var einn þeirra að verki með honum uppi á palli flutningavagnsins við að hagræða stroffum á staurabúntum og festa gámakróka kranans í þær til hífingar, en hinir tveir stóðu þar, sem staurarnir voru lagðir, og losuðu stroffurnar í annan endann, svo að kraninn gæti híft þær lausar undan staurunum með átaki í hinn endann. Var það annar þeirra manna, sem hrópaði viðvörðunarorð til áfrýjanda.

Vagninn var nýkominn á svæðið og stóð við hlið kranans með afturenda í sömu átt og kranabóman. Fram er komið, að færsla kranabómunnar til hliðar hafi verið minni en hálfhringur, og telja samstarfsmenn áfrýjanda hana hafa verið nær fjórðungi úr hring. Stroffurnar um staurabúntin voru eign skipafélagsins og áttu að fara þangað aftur. Segist stefndi hafa losað þær með átaki beint upp, en síðan fært þær til hliðar í átt að vagninum og slakað þeim niður að

jörð sem næst miðja vega, þar sem þær hafi verið losaðar og lagðar í bili. Samstarfsmenn áfrýjanda telja hins vegar, að þær hafi verið losaðar beint á flutningavagninn sjálfan. Þótt miðað sé við hið fyrra, verður að telja ljóst, að mönnum uppi á vagninum hafi stafað hætta af stroffunum og krókunum á leið kranans til baka, og hafi þurft sérstaka aðgæslu til að halda búnaðinum í nægilegri hæð og fjarlægð, meðan sveifla væri á honum. Ber frásögnum og saman um, að allir starfsmennirnir hafi stöðugt þurft að gæta varúðar vegna hættu frá krananum. Þær benda og til, að reynt hafi verið að vinna verkið hratt.

Áfrýjandi stóð aftan til á vagninum, þar sem hætta var meiri en að framanverðu, og var að sinna því verki, sem honum hafði verið falið. Hann fékk viðvörunarkall, sem varð honum tilefni til að forða sér umsvifalaust með því að stökkva niður af vagninum, en staðfest er, að fallhæð hafi verið um eða yfir þrjá metra. Telja verður nægilega fram komið, eins og aðstæðum og sönnunarkostum var háttað, að viðbrögð hans hafi verið í samræmi við viðvörunina og hún gefin af eðlilegu tilefni. Verður að hafa í huga, að atvik að slysinu voru ekki vegin á staðnum, þar sem meiðsli áfrýjanda voru ekki álitin alvarleg. Hefði óvissa um sveiflu á búnaðinum eins getað komið fram við yfirheyrslu innan fárra daga.

Samkvæmt öllu þessu ber að fallast á það með áfrýjanda, að slys hans verði rakið til athafna af hálfu stefnda, er til þess séu fallnar að baka honum skaðabótaskyldu, og verði kröfu hennar vegna komið fram, án þess að þeim aðila, sem unnið var fyrir, hafi einnig verið stefnt til ábyrgðar. Þar sem aðrir dómendur líta svo á, að sýkna eigi stefnda af kröfunni, eru ekki efni til frekari umfjöllunar um slysið eða tjón áfrýjanda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., var höfðað með þingfestingu málsins 11. desember 1992.

Stefnandi er Þorleifur Sivertsen, kt. 270256-2879, Sólheimum, Grímsnesi.

Stefndi er Bjarni Sigfússon, kt. 130933-4089, Ystaseli 5, Reykjavík. Þá er

Ábyrgð hf., kt. 410169-1699, Lágmúla 7, Reykjavík, stefnt til réttargæslu í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 1.492.300 kr. með 4% ársvöxtum frá 17. desember 1988 til 21. janúar 1989, en síðan með almennum bankavöxtum til 21. júní 1992, eins og fram kemur í stefnu, en þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa stefnanda er hin sama og aðalkrafa með þeirri breytingu, að vaxtafótur verði hinn sami og í aðalkröfu til 21. maí 1992, en 1% á ári frá þ. d. til þingfestingardags 11. desember 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kaffa vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, Ábyrgð hf., og réttargæslustefndi gerir engar dómkröfur í málinu.

Þá er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda, Bjarna Sigfússonar, er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Til vara er þess krafist, að sök verði skipt og málskostnaður felldur niður, en til þrautavara, að kröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi krefur stefnda um skaðabætur vegna slyss, er hann varð fyrir 30. apríl 1983, en á þeim tíma starfaði hann hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Stefnandi var þann dag að vinna ásamt starfsmönnum við að afferma rafmagnsstaura af flutningavögnum á lóð fyrirtækisins í Keldnaholti. Við afferminguna var notaður krani í eigu og undir stjórn stefnda. Hafði stefnandi þann starfa með höndum að krækja stroffum utan um staurabúnt á keðjukróka, sem héngu í vír kranans. Stóð stefnandi við verkið uppi á staurastæðunni ásamt samstarfsmanni sínum, Vilhjálmí Georgssyni, en aðrir samstarfsmenn hans unnu við að losa stroffuna, þar sem staurarnir voru settir niður. Voru stroffurnar þá losaðar öðrum megin af krókunum og þær síðan hífðar lausar. Varð af þessu talsvert átak, þar sem staurar þessir voru þungir.

Aðdragandi slyssins var sá, að samstarfsmaður stefnanda, Oddur Daníelsson, hrópaði viðvörunarorð. Taldi hann stefnanda í hættu, þar sem kranakrókurinn sveiflaðist í átt til hans og stefnandi sneri baki í kranann. Stökk þá stefnandi niður af vagninum til jarðar með þeim afleiðingum, að hann slasaðist. Stefnandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem í

Ljós kom, að hann hafði brotið hælbein. Lögregluskýrslur voru teknar af aðilum málsins og vitnum í byrjun árs 1992.

III.

Niðurstaða.

Umdeilt slys varð 30. mars 1983. Í málið skortir nákvæmar upplýsingar um aðstæður á vettvangi, svo sem staðsetningu kranans annars vegar og flutningavagnsins hins vegar. Þá voru lögregluskýrslur vegna slyssins ekki teknar fyrr en tæpum tíu árum síðar.

Slys þetta var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Upplýst hefur verið, að stefndi hafi ekki vitað um slysið fyrr en nú fyrir skömmu og að það var af hálfu stefnanda talið varða starf hans sem stjórnanda kranans. Verður það ekki virt honum til sakar að hafa ekki tilkynnt slysið við þessar aðstæður.

Eftir því sem upplýst hefur verið í málinu, mun stefnandi hafa stokkið niður af flutningavagninum, þegar stefndi sneri krana sínum að vagninum, eftir að hann hafði losað stroffurnar undan staurahlassinu. Greinir vitni á um það, hvort þá hafi verið búið að losa stroffurnar af vírnum.

Í framburði vitna kemur ekki annað fram en stefndi hafi hagað vinnu sinni eðlilega umrætt sinn. Þó ber vitnið Oddur Daníelsson, að krananum hafi verið snúið of snemma og að yfirvofandi hætta hafi verið fyrir stefnanda.

Stefndi hefur starfað sem kranamaður í áratugi og oft áður unnið samþærilegt verk. Hann hefur einnig góða aðstöðu, þar sem hann situr í krana-húsinu, til að meta aðstæður og hæð á þeim hlutum, sem í bómu kranans hanga.

Þegar kallað var til stefnanda, mat hann aðstæður svo, að hann stökk til jarðar ofan af flutningavagninum. Verða það vart talin óeðlileg viðbrögð og hefðu að öllu jöfnu átt að vera hættulaust fall miðað við hæð vagnsins og að stefnandi hafi þá staðið efst á hlassinu.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á, að yfirvofandi hætta hafi verið á því, að hann fengi krókana eða stroffurnar í sig umrætt sinn, og að honum hafi verið nauðsyn að stökkva til jarðar til að koma í veg fyrir slys. Telst stefndi ekki bera sök vegna slyss stefnanda, og verður bótaskylda vegna tjóns stefnanda því ekki lögð á hann í máli þessu. Ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

1845

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bjarni Sigfússon, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Þorleifs Sivertsen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
